



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 3. töl.

Mars 2015

HJÓNABALL !

Nú er komið að því! Hið árlega hjónaball verður haldið þann **28. mars 2015 í Brautarholti**. Að venju verður þetta dúndurveisla með frábærum mat og skemmtiatriðum.

Matseðillinn er glæsilegur en hann eldar Sveinn R. Jónsson matreiðslumaður á Laugarvatni.

Forréttir

- Lamba carpaccio með pesto, furuhnetum og klettasalati.
- Léttreyktur lax á spjóti með wasabisósu.

Aðalréttir

- Innbakaðar nautalundir. - Kalkúnabringur.

Borið fram með kóngssveppasósu og rauðvínssósu, kartöflugratíni, eplasalati og fersku salati með papriku, tómötum, ristudum hnetum, kókosflögum og balsamic gljáa. Eftir matinn er boðið upp á kaffi og konfekt.

Húsið opnar **kl. 20:00** með fordrykk og ljúfum tónum.

Borðhald hefst kl. 20:30. **Engar vínveitingar á staðnum.**

Heimatilbúin skemmtiatriði að hætti sveitunga.

Hið bráðskemmtilega Stuðlaband leikur fyrir dansi fram á rauða nótt.

Miðaverð er kr. 7.000

Miðasala er til 24. mars og greiðsla miða fer fram í gegnum netbanka.

Reikningsnúmer 586-26-2767 Kt: 471077-0709 og tilkynning sendist á netfang hjonaball2015@gmail.com. Frekari upplýsingar og miðapantanir í sínum 866 7420 (Stefanía) eða 895 6214 (Margrét). Selt verður inn á ballið eftir matinn. **EKKI** er tekið á móti greiðslukortum.



Nefndin.





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:

Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5.apríl.2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00—22:00

Ennþá tími til að kíkja í bók! Gleðilega páska



S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

Alltaf hægt að skila um lúguna!



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 480-5112 Neyðarsími 112

Apótekið opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Skákæfingar og spjall á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!



kl. 20:30. Munið að **allir** 15 ára og eldri eru hjartanlega velkomnir. Töfl og klukkur á staðnum!
Stjórn Umf. Gnúpverja


Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

verður haldinn í Árnesi þriðjudagskvöldið 24. mars

kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.



Atvinnueflingarsjóður Skeiða—og Gnúpverjahrepps

Á fundi sveitarstjórnar þann 04.02.s.l. var samþykkt samhljóða að Atvinnueflingarsjóður sá er stofnaður var 1. apríl 2010 á vegum sveitarfélagsins skuli starfsræktur til 31. desember 2016.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skuli skilað inn á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. apríl ár hvert og úthlutað verði úr sjóðnum 1. maí ár hvert. Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra ef spurningar vakna um umsóknir en reglur sjóðsins má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is undir „Reglur og samþykktir.“ Tekið er við umsóknum til 1. apríl 2015 á skrifstofunni eins og áður sagði.

Þetta er tæki til eflingar á góðri viðskiptahugmynd um nýsköpun eða vöruþróun hér í sveitinni.

Sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

**Dýragámurinn er nú á nýja gámasvæðinu í Árnesi
v/Suðurbraut og þar er opið allan sólarhringinn!**

Dýragámur í Brautarholti er á sama stað og verið hefur
Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gáma-
svæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með
gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

*Hægt er að koma frá sér garðaúrgangi og afklippum trjáa á á-
kveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

***Munið að ætlast er til þess að einungis séu efni úr
jurtaríkinu sem losuð eru á þessu svæði.***

Íbúafundur um Þjórsárdalinn á vordögum.

Atvinnumálanefnd sveitarfélagsins hefur að undanfögnu unnið að greiningu á stöðu og framtíðarmöguleikum í Þjórsárdalnum. Sú vinna fer fram í samráði við aðra hagsmunaaðila. Um verðugt viðfangsefni er að ræða og hefur verið ákveðið að efna til íbúafundar um málefnið. Það verður nánar tilkynnt er nær dregur.

Sveitarstjóri.

Kæru íbúar!

Við minnum á að tilnefningum til umhverfisverðlauna má skila á skrifstofu Skeiða-Gnúpverjahrepps og í tölvupósti

umhverfisnefnd@skeidgnup.is fyrir 20 mars.

Sjá auglýsingu í fréttabréfi frá febrúar s.l. á bls.5.

Kveðja frá umhverfisnefnd.

Páskaeggjablingó mánudagskvöldið

23.mars kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

9. bekkur Flúðaskóla heldur páskaeggjablingó það er vegna Danmerkurferðar sem við förum í að hausti.

Bara páskaegg

í vinning!!

Stór og smá og út um allt! ☺

Allir að mæta!

Sjáumst!

9. bekkur Flúðaskóla.



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.

**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Næstu sýningar á Heilsugæslunni

Eftir velheppnaða frumsýningu á leikriti Lýðs Árnasonar læknis í Laugarási, Heilsugæslunni, eru hér þær sýningar sem áætlað er að sýna:

2. sýning miðvikudag	11. mars	kl. 20:00
3. sýning laugardag	14. mars	kl. 20:00
4. sýning sunnudag	15. mars	kl. 14:00
5. sýning sunnudag	15. mars	kl. 20:00
6. sýning miðvikudag	18. mars	kl. 20:00
7. sýning föstudag	20. mars	kl. 20:00
8. sýning laugardag	21. mars	kl. 20:00
9. sýning sunnudag	22. mars	kl. 14:00
Lokasýning, laugardag	28. mars	kl. 17:00

Veitingar seldar í hléi.

Almennt miðaverð:	2.200,-
12 ára og yngri	1.700,-
Eldri borgarar	1.700,-
Öryrkjar	1.700,-
Leikskrá	200,-



Lýður Árnason leikstjóri og höfundur
Heilsugæslunnar, fyrir miðju, ásamt leikendum.

**Missið ekki af
góðri kvöldstund ☺**

Gleðilega páska!

Leikdeild UMF Gnúpverja.



Frá Hrunaprestakalli

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2015.



- 15. mars:** *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 14.
- 3. apríl – föstudagurinn langi:** *Passíusálmalestur* í Hrepphólakirkju frá kl. 13.
- 5. apríl – páskadagur:** *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 6. apríl – annar í páskum:** *Hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 11. **Ferming.**
- 23. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11
- 3. maí:** *Guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 24. maí – hvítasunnudagur:** *Ferming* í Hrunakirkju kl. 13:30.
- 25. maí – annar í hvítasunnu:** *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11
- 7. júní:** *1865-messa* í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. *Kvöldmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 20:30
- 17. júní:** *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.
- 21. júní:** *Guðsþjónusta* í Steinsholtskirkjugarði kl. 11. *Kvöldmessa* í Hrepphólakirkju kl. 20:30
- 16. ágúst:** *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14
- 23. ágúst:** *Síðsumarmessa* í Tungufellskirkju kl. 14
- 5. sept.- laugardagur:** *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.



Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis árið 2015 verður haldinn í Fossbúð að Skógum **laugardaginn 21. mars kl. 11.00 – 15.30.**

Á héraðsfund mæta þjónandi prestar í prófastsdæminu, tveir sóknar-nefndarmenn, þar af annar formaður og kirkjupingsmenn.

Auk þeirra eiga rétt á setu á fundinum aðrir sóknarnefndarmenn og starfsmenn kirknanna með málfrelsi og tillögurétt.

Prófastur Suðurprófastsdæmis.

Óska eftir húsnæði í Árnesi til leigu.

Helst með 2-3 svefnherbergjum, en skoða allt.

Róleg, reglusöm og skilvísun greiðslum heitið.

Upplýsingar: Dís Sturlu 8680578 disa87@hive.is

HRUNAPRESTAKALL



Frá sóknarpresti

Framtíðin er björt í Hrunaprestakalli. Það sáum við glöggt í messu unga fólksins 1. mars sl. í Hrunakirkju. Þar bar unga fólkið okkar, nemendur úr 9. og 10. bekk Flúðaskóla, uppi messuna frá upphafi til enda. Fjölbreyttur og vel fluttur söngur og undirleikur, kjarnyrtar ræður um unga fólkið og kirkjuna, eldri borgara og viðhorf fólks til unglunga og svo hin óborganlega stuttmynd: Dansinn í Hruna. Óskir, draumar og bænir unga fólksins voru falin í alla vega litar blöðrur sem síðan var sleppt upp í háloftin að messu lokinni. Ég vil þakka þessu hæfileikaríka og skapandi unga fólki fyrir þeirra frábæra framlag í messunni. Einnig skulu þakkir fluttar Karli og Stefáni úr Tónsmiðjunni og Báru umsjónarkennara í 10. bekk fyrir alla þeirra vinnu í undirbúningnum. Framundan er hefðbundið helgihald um páska:

3. apríl – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla kirkju frá kl. 13 til 17 (17:30). Kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

5. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Hátíðarmessa í Hrepphóla kirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

6. apríl – annar í páskum: Hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11. Ferming. Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, **hruni.is**, þar sem finna má allar upplýsingar um kirkjustarfið.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Lionsklúbburinn Dynkur vinnur að útgáfu símaskrár fyrir Hrunamanna-, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Auk auglýsinga gefst einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til þess að auðkenna nafn sitt með rauðri feitlettrun. Verð fyrir þetta auðkenni er kr. 8.000,-. Þeir sem vilja nýta sér þetta skulu senda upplýsingar um það á netfang Lionsklúbbsins, lionsklubburinn.dynkur@gmail.com

Símaskráin mun koma út í byrjun maí.

Hér má sjá sýnishorn af því hvernig auðkenni kemur fram í símaskránni.

		845 2998	Dóra Björk Þrándardóttir	Þrándarholti 2	772 1741
Bjarni Gunnlaugur Bjarnason	Skeiðholti 3	893 5512	Dvalarheimili aldraðra	Blesastöðum	486 5570
Bjarni Hlynur Ásbjörnsson	Hraunbrún	898 6463			486 5573
Bjarni Mátsson	Háholti	862 4917	Eggert Jóhannesson	Kálfhóli I	486 5545
Bjarni Rúnarsson	Reykjum	690 0722			864 1774

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

í samstarfi við



Uppsveitadeildin 2015 heldur áfram. Næsta keppni er fimmgangur sem verður haldin **föstudaginn 20. mars kl. 19:45.** Forkeppnin hefst kl. 20:00.

Staða efstu knapa er þessi:

1. Arnar Bjarki Sigurðarson.	24
2. Bjarni Bjarnason.	23
3. Hulda Finnsdóttir.	22
4. Sólon Morthens.	21
5. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir.	20
6. Birna Káradóttir.	19
7. Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson.	18
8. Finnur Jóhannesson.	17
9. Árný Oddbjörg Oddsdóttir.	16

Staða liðakeppninnar er þessi:

Hrosshagi/Sunnuhvoll.	61 stig.
Þórisjötnar.	54 stig.
Gamli og guttarnir.	41,5 stig.
Arion banka liðið.	38,5 stig.
Landstólpi.	36 stig.
Forsæti.	24,5 stig.
Jáverk.	22,5 stig.
Kílhraun.	22 stig.

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja
haldinn í sal Þjórsárskóla þriðjudagskvöldið
17. mars kl:20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Fulltrúi Landgræðslunnar

kemur á fundinn og fræðir okkur.

Hvetjum alla sem áhuga hafa á landbótum
til að mæta á fundinn.

Stjórnin.

Bílstjóra vantar hjá Flúðaleið Flúðum!

Þjónustuaðili fyrir Eimskip og Samskip.

Vegna aukinna umsvifa og breytinga á akstursþjónustu vantar okkur.

- Meiraprófsbílstjóra með trailerpróf.
- Sendibílstjóra til útkeyrslu á vöru, meirapróf ekki skilyrði.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, tala íslensku og vera líkamlega hraust/ur. Þarf að geta hafið störf ekki seinna en 7. apríl n.k. Æskilegt að viðkomandi hafa búsetu í uppsveitum Árnessýslu, þar sem heimastöðin er Flúðir en það er þó ekki skilyrði. Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370 eða á fludaleid@simnet.is

Uppsveitakort 2015

Nú er hafin árviss endurskoðun á Uppsveitakortinu sem gefið er út árlega í 40.000 eintökum og dreift víða. Hægt er að skoða kortið á vefnum www.sveitir.is/kort

Vinsamlegast hafið samband ef þið hafið athugasemdir eða upplýsingar um breytingar á korti eða þjónustulista. Hjálpumst að við að gera gott kort betra. Með kveðju frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu
asborg@ismennt.is sími 8981957

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Lífrænn úrgangur, bætt nýting, minni sóun

Ráðstefna í Frægarði í Gunnarsholti 20. mars

Dagskrá

9.30 Skráning gesta, morgunkaffi og horft til himins. Allt að 98% deildarmyrkvi á sólu í Gunnarsholti kl. 9.37

10.00 Gestir boðnir velkomnir
Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri

10.05 Setning ráðstefnunar – fulltrúi vinnuhóps

10.15 Úrgangur eða hráefni, úrgangur í dag neysluvara á morgun – *Lúðvík E. Gústafsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga*

10.45 Nýting lífræns úrgangs.
Staðan um þessar mundir
a. Farvegir og straumar – *Eiður Guðmundsson*
b. Lausnir á Suðurlandi, Orkugerðin
Guðmundur Tryggvi Ólafsson

11.30 Af hverju ætti sveitarfélag að velta lífrænum úrgangi fyrir sér?
Stefán Gíslason, Environice

12.00 Hádegismatur

13.00 Ávarp *Sigrúnar Magnúsdóttur*, umhverfisráðherra

13.20 Lög og reglugerðir á mannamáli. Hvað má og hvað má ekki? – *Elsa Ingjaldsdóttir*, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, *Guðrún Lind Rúnarsdóttir*, MAST

13.40 Ný gas- og jarðgerðarstöð á höfuðborgarsvæðinu
Björn Hafsteinn Halldórsson, Sorpu

14.00 Vinnslutækni, nýting og umhverfisáhrif.
Teitur Gunnarson, Mannviti

14.20 Stefnumótun hjá ríki og sveitarfélögum.

Hver á að draga vagninn?

Laufey Guðmundsdóttir, lögfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu,
Lúðvík E. Gústafsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

14.50 Reynslusögur

- a. Lífræn ræktun í Skaftholti
- b. Hekkluskógaverkefnið
- c. Landgræðsla með kjötmjöli og gor

15.20 Kaffi

15.40 „Er ekki tími til kominn að tengja?“

Verkefni og hugmyndir í gangi

- a. Verkefni UST. Öflun upplýsinga um lífrænan úrgang. Styrkt af norrænu ráðherranefndinni
Guðrún L. Kristinsdóttir, Umhverfisstofnun
- b. Verkefni Landgræðslunnar í nýtingu lífræns úrgangs
Magnús H. Jóhannsson, Landgræðslunni
- c. Hagkvæmni metanframleiðslu
Dofri Hermannsson, Íslenska gámafélaginu

16.30 Pallborðsumræður – *Guðrún Lind*

Rúnarsdóttir, *Lúðvík E. Gústafsson*, *Stefán Gíslason* og *Teitur Gunnarsson*

16.50 Ráðstefnuslit, samantekt

Aðstandendur ráðstefnunnar eru Sorpurðun Vesturlands, Molta ehf. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ásamt Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárpings ytra, verður ráðstefnumjóti.

Undirbúningsnefndina skipa:

Eiður Guðmundsson, formaður
Hrefna B. Jónsdóttir, Sorpurðun Vesturlands
Lúðvík Gústafsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Magnús H. Jóhannsson, Landgræðslu ríkisins
Ólöf Jónsdóttir, Molta ehf.
Pétur Halldórsson, Skógrækt ríkisins
Þórarinn Egill Sveinsson, SASS,
Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.

Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja verður haldinn sunnudaginn 22. mars kl. 11.00 í Árnesi

Venjuleg aðalfundarstörf.

Skýrsla formanns

Skýrsla gjaldkera

Verðlaunaafgenging

Önnur mál



Stjórnin.

Auglýsum líka eftir fundargerðarbók UMFGnúp. sem ekki hefur spurst til ansi lengi.

Páskabingó Kvenfélags Gnúpverja

verður haldið í Félagsheimilinu Árnesi, laugardaginn fyrir páska, 4. apríl, kl. 11:00.

Allir velkomnir.

Bingónefndin



VÖRÐUKÓRINN

verður með tónleika í Skálholti 1. apríl kl. 20:30

Fjölbreytt lög á efnisskrá.

Nánar auglýst síðar.



Árshátíð nemenda í Þjórsárskóla – Jónas Árnason talar við börn

Föstudaginn 13. mars kl. 20 verður árshátíð nemenda í Þjórsárskóla. Hún verður í félagsheimilinu í Árnesi.

Allir hjartanlega velkomnir.

Foreldrafélagið sér um kaffiveitingar og aðgangur er kr. 1.000,- fyrir 13 ára og eldri.



Skeiðalaug opin á skírdag 2. apríl eins og venjulega frá kl. 18– 22. Og einnig opið í **Skeiðalaug** annan í páskum, mánudag 6. apríl kl. 18—22.
Gleðilega páska. **Umsjónarmaður**

Skíðaferð

Þjórsárskóli fóru í skíðaferð í Bláfjöll 12. febrúar síðast liðinn. Farið var með alla nemendur skólans frá 1.-7. bekk og vorum við mjög heppin með veður. Allir fóru á skíði, sumir í fyrsta skipti, og voru margir sigrar unnir þennan dag. Við fengum góða aðstoð frá foreldrum og færum við þeim bestu þakkir fyrir.



Endurskinsvesti

Í vikunni fékk skólinn endurskinsvesti að gjöf frá Landstólpa. Þau eiga eftir að koma sér vel í útikennslu, skógarferðum og annarri útiveru í skólanum. Erum við Beggu og Adda ákaflega

þakklát fyrir þessa flottu gjöf og þá er líka skemmtilegt að hafa vestin merkt Þjórsárskóla.



Öskudagur

Á öskudaginn mættu nemendur og starfsfólk í búningum í skólann. Fram til kl.10 voru nemendur í heimastofunum sínum þar sem teknar voru myndir, spjallað og sprellað. Þá var farið á öskudagsball í Arnar þar sem Jón Bjarnason lék fyrir dansi og kötturinn var sleginn úr tunnunum. Foreldrafélagið bauð upp á veitingar. Mikil gleði og mikið fjör.

Tunnurnar eru búnar til úr endurunnu efni og það eru nemendur í 4. og 7. bekk sem sjá um að skreyta þær ár hvert.



Góður öskudagur ☺



Stærðfræði í 1. – 4. bekk

Stærðfræðin á yngsta stigi er mikið kennd út frá stöðvavinnu þar sem fjölbreytt verkefni eru í boði og eru börn að jafnaði 15 til 20 mínútur á hverri stöð. Oft er kennarastöð þar inn í þar sem kennaranum gefst tækifæri á að kafa dýpra ofan í efnið sem er til áherslu hverju sinni. Hér fylgir til dæmis mynd af verkefninu sem var á einni kennarastöðinni; Safari frádráttur. Þar áttum við að finna týndu töluna og spáðum í þau innri tengsl sem eru á milli samlagningar og frádráttar.

Í 3. og 4. bekk erum við líka með námsval þar sem í boði eru þrjár bækur hverju sinni og þjálfar mismunandi hluti. Í námsvali fá börnin að velja sér í hvað þau fara og mega vinna saman í hópum ef þau vilja. Þá finnst mér einnig mikilvægt að þau fái tækifæri til að vera eins og þeim líður best, hvort sem að það sé niðri á gólfi, í sætum, undir borði eða uppi á borði.



Í 1. og 2. bekk höfum við mikið verið að þjálfar samlagningu og frádrátt núna ásamt því að skoða hvernig við getum mælt lengdir með mismunandi hlutum, hvað sé sentimeter og hvað sé meter. Inniskórnir mínir hafa fengið margar flugferðir þar sem við vorum að athuga hver gæti kastað lengst og mældum við það í hænuskrefum. Við erum einnig búin að leika okkur að því að byggja eins háan turn og við getum úr kaplakubbum eins og sést hér á myndinni, hæsti turninn hingað til var 110 cm.

Víkingarnir á fimmtudögum

Nú er skólahópur leikskólans farinn að koma aftur til okkar og borðar einnig hádegismat með okkur sem er gífurlega spennandi og skemmtilegt fyrir þau börn sem eru í skólahópnum. Við erum að vinna með víkinga, hverjir voru þeir, hvað gerðu þeir og hverju voru þeir góðir í svo fátt eitt sé nefnt. Hver og einn hefur teiknað sig sem víking og valið sér víkingaviðurnefni. Þessa daga leggjum við líka ríka áherslu á að setja okkur í spor annarra einnig á samvinnu og hjálpsemi.



Það er gaman að fylgjast með nemendum með það í huga því allir eru tilbúnir til að vinna saman og hjálpast að við að leysa hin ýmsu verkefni, hvort heldur er í leik eða vinnu.

Fréttir af 3. og 4. bekk

Verkefni unnin úr „drasli“

Eitt af markmiðum Grænfánans er að auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum og þar með talið að minnka úrgang. Í 3. og 4. bekk hafa nemendur fengið verkefni þar sem nýttar eru ýmiss

konar umbúðir sem kalla má drasl og oftast hafna í ruslinu. Ýmiss konar pappi er klipptur niður í búta og skrifað á þá. Þannig er unnið með eintölu og fleirtölu, flokkun í kven-karl- og hvorugkyn, orðflokka, rím, samheiti, andheiti og fleira. Oftast vinna nemendur saman við verkefnið, tveir eða fleiri. Krakkarnir eru mjög ánægðir með þessa vinnu, hún skapar umræður um orðin sem glímt er við og það er líka góð tilbreyting að þurfa ekki að skrifa neitt. Ekki skiptir máli hvort setið er við borð eða á gólfinu.

Í lok síðasta skólaárs kom út blað, sem ber heitið Sumarmál, unnið af þáverandi nemendum í 3. og 4. bekk. Efnissöfnun stóð yfir í tvo vetur og þar er margt áhugavert. Núverandi 4. bekkingar voru að sjálfsögðu í 3. bekk í fyrra og þekkja því blaðið vel. Í blaðinu má finna frásagnir af dvöl fyrrum nemenda



skólans í Afríku og Ástralíu. Allir skiluðu viðtali við einhvern sem man svolítið aftur í tímann og ljóst er að við áttum okkur ekki alltaf á hvað tímarnir hafa breyst ótrúlega hratt. Þar eru einnig sögur og brot úr dagbókum nemenda að ógleymdri orðaskjóðu (orðabók) en hún geymir ýmis konar orð sem hafa verið til umræðu í kennslustundum. Krakkarnir stungu sjálfir upp á að flokka orðin í orðaskjóðunni í orðflokka og greina kyn þeirra. Hugmyndin féll í góðan jarðveg og 3. bekkingar eru einnig þátttakendur í

flokkuninni. Nýjasta verkefnið úr „draslinu“ tengist orðaskjóðunni. Þar eiga nemendur að para saman orð sem hafa sömu merkingu. Þarna er sannarlega um endurnýtingu að ræða og verkefnið er sérlega vinsæl enda nemendurnir afar áhugasamir.



Framhald á bl. 21.

Senn hyllir undir vor og dagurinn er orðin langur.

Ég býst við að margur sé farinn að sjá betri tíð í hyllingum. Það er ævinlega fagnaðarefni að heilsa vorinu og hækkanði sól. Sá vetur sem nú stendur yfir hefur verið öllu erfiðari en gerst hefur um langt skeið. Það geta komið dagar sem tíðarfar, sem þetta reynir á þolrifin. Við sem erum orðin eldri en tvævetur og höfum búið í Uppsveitum Árnessýslu í marga áratugi þekkjum vel til svona veðurfars en það þarf að fara talsvert langt aftur í tímann til að finna hliðstæðu á Suðurlandi. Sú tækni sem við búum við til að halda opnum samgönguæðum hefur tekið framförum og fjarskipti eru skánandi. Með því góða netsambandi sem við njótum núorðið erum við betur sett hvað það varðar. Mikið vantar þó upp á að GSM símasamband sé til staðar á öllum bæjum í sveitarfélaginu árið 2015. Það er til háborinnar skammar og hefur undirritaður hvað eftir annað haft orð á því við tilheyrandi fyrirtæki að brýn þörf sé á að koma þeim bæjum í GSM samband sem ekki hafa það þegar. Ef einhverjir af þeim sem ráða þar innanbúðar lesa þessar línur, segi ég bara svei ykkur. Sama er um útvarpsskiyrði að segja. Þar vantar talsvert á. Ekki ætla ég að vera með hrakspár en ef svo ólíklega vildi til að kæmi til náttúruhamfara af einhverju tagi yrði það mjög til boga að hafa ekki símasamband í betra ástandi en raun ber vitni. En ég hef engu að síður fulla trú á að náttúran verði stillt í náinni framtíð.

Menningin hefur blómstrað í vetur sem fyrr. Undirritaður ásamt sinni frú naut þess að taka þátt í Þorablótsnefnd og hafði unun og mikinn lærdóm af. Þökk sé félögum okkar hjónanna í nefndinni. Þar voru margir öflugir í hlutverkum sínum. Þorablót eru í eðli sínu stórmerkilegar samkomur og hafa þær víðast hvar staðist tímans tönn. Matur sá sem tíðast að leggja sér til munns á Þorablótum er nokkuð sem ég gæti ekki lifað án. Leikdeild Gnúpverja hefur nú frumsýnt leikverkið „Heilsugæsluna“ og var stórkostlegt að fylgjast þar með hverjum leiksigrinum á fætur öðrum. Kórarnir í héraðinu láta ekki sitt eftir liggja frekar en fyrri daginn og framundan er Hjónaball á Skeiðum.

Eldri borgarar eiga sinn félagsskap og virðist mér starfið þar vera í blóma. Ég má til með að minnast á nýjasta fyrirbærið í félagslífinu í þessari sveit, það er Lionsklúbburinn Dynkur. Þar er um 30 manna hópur búinn að festa sig í sessi á einu ári með reglulegum fundum og miklu starfi. Af þessari upptalningu þurfum við ekki að efast um að við erum rík af menningu og einstaklingum sem leggja sitt að mörkum og hafa hæfileika í þeim efnum. Ónefnd eru kvenfélögin og ungmennafélögin sem eru í fullu fjöri. Ekki þarf að fjölyrða um að allt þetta félagsstarf og viðburðir styttu veturinn og krydda tilveruna.

Meðal heltu verkefna á skrifstofu sveitarfélagsins um þessar mundir má nefna að lokið hefur verið við álagningu fasteignagjalds og fyrstu greiðslukröfur komnar til fasteignaeigenda.

Þá er unnið þessa dagana að undirbúningi ársreiknings sveitarfélagsins fyrir síðastliðið ár meðendurskoðendum sveitarfélagsins. Verið er að setja saman útboðsgögn til skólaaksturs í sveitarfélaginu þessa dagana. Það er óhjákvæmilegt. Hér hefur verið mikið lán yfir skólaakstri um langt skeið. Þeir bílstjórar sem nú gegna skólaakstri hafa staðið sig með mikilli þrýði og leyni ég því ekki að það er von mín að þeir sækist eftir að halda áfram sem slíkir. Önnur útboðsgögn eru í vinnslu, þau varða gatnagerð og fráveituframkvæmdir. Það verður frekar stórt verkefni á mælikvarða okkar litla sveitarfélags. Það stýttist í að nýtt gámsvæði við Árnes verði tekið í notkun.

Auglýst hefur verið eftir nýjum leikskólastjóra og hafa skilað sér í hús góðar umsóknir. Persónulegar ástæður urðu þess valdandi að Sigríður Birna kaus að segja upp störfum sem leikskólastjóri. En hún mun láta af störfum í lok apríl.

Hafin er vinna við endurskoðun aðalskipulags og er þar verið að uppfæra það skipulag sem tók gildi árið 2004 og lýkur á næsta ári. Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykkt að undirbúa breytingu á landnotkun 30 hektara spildu neðan vegar við Árnes úr búgarðalóðum í iðnaðarsvæði. Nánar tiltekið er átt við svæði sem verður á vinstri hönd þegar ekið verður til austurs eftir vegi er mun liggja að fyrirhugaðri brú á Þjórsá við fossinn Búða.

Það má vænta þess að íbúafundur verði haldinn um aðalskipulagið á árinu. Auk þess stendur til að halda íbúafund með vorinu um framtíðaráform í Þjórsárdal. Þar er af mörgu að taka. Stöng, Gjáin, Reykholtslaug, Háifoss, Hjálparfoss og Sandártunga svo nokkuð sé nefnt.

Beislun vindorku mun að líkindum færast í vöxt í þessu sveitarfélagi.

Margt er þarft að kynna sér þegar tekist er á við slíkar nýjungar og hefur verið ákveðið að Skipulagsnefnd Uppsveita ásamt starfsmönnum Skipulagsstofnunar fari í kynnisferð til Skotlands af því tilefni nú um miðjan mars. En margt er líkt með aðstæðum í Skotlandi og hér á landi. Oddvitinn okkar verður þar fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var ákveðið að kanna hug íbúa til nýrrar nafngiftar á sveitarfélaginu. Allir íbúar 18 ára og eldri munu fá sent bréf þess efnis á allra næstu vikum. Það verður fróðlegt að sjá hvernig hugurinn liggur í þeim efnum.

Ég óska ykkur öllum góðra stunda og gleðilega páska.

Kristófer Tómasson Sveitarstjóri.





Fréttir frá Úlfahóp 3. mars 2015

Eins og margir vita hefur Leikholt gengið til liðs við verkefnið „Skóli á grænni grein“ og stefnum við að því að flagga Grænfánanum í vor.


Grænfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem er staðfesting á góðum ásetningi og virku umhverfisverndarstarfi. Við leikskólann er starfandi umhverfisnefnd, sem fundar reglulega og metur stöðuna. Í Umhverfisnefndinni eru allir strákarnir í Úlfahóp (fæddir 2009), Sirrý (verkefnisstjóri), Sígga Birna og Hulda Hrönn. Undanfarið höfum við verið að vinna að ýmsum verkefnum þessu tengdu, eitt þessara verkefna er hringrásarverkefni. En markmiðið með því var að kanna hvaða efni eru lífræn og ólífræn. Við vildum kanna hvort hægt væri að rækta gras og baunagras í sama íláti, og hvort að grasið myndi vaxa hraðar þeim megin sem lífrænu efnin voru grafin. Þetta verkefni er búið að vera mjög spennandi og mun halda áfram í einhvern tíma enn og hér koma myndir af ferlinu hingað til.



Hér erum við búnir að koma töppum og kívii fyrir.



Verið að sá grasi.



Hér er búið að koma fyrir blaði og einni „töfrabaun“ og svo er líka búið að vökva smá.



Bremur dögum síðar.



Já sæll, þetta skotgengur !



Svona lítur þetta út í dag.
Kívíið og pappírinn er aðeins byrjað að rotna en tapparnir eru nákvæmlega eins.



Kveðja frá Úlfahóp og Sirrý.

Framhald af bls. 17. Þjósárskóli.

Hér hefur verið sagt ofurlítið frá bekkjarblaðinu „Sumarmál“. Eins og áður sagði tóku allir „blaðamennirnir“ viðtal og viðmælendur þeirra voru : Ásta á Hlemmiskeiði, Valgeir Ástráðsson, Helga í Þjósárholti, Halla í Ásum, Jón Gunnlaugsson, Bjarni í Fjalli, Valgerður á Húsatóftum, Kristófer í Heiði, Hulda Gunnlaugsdóttir, Kjartan á Ólafsvöllum, 'Guðný í



Laxárdal, Hafliði á Birnustöðum, Diddi í Sandlækjarkoti og Iris Maria Witt í Þýskalandi. Enn er hægt að eignast blaðið, það kostar 1.000 krónur. Árdís Jónsdóttir.



Kveðja úr skólanum með ósk um gleðilega páska.
Kristín og Bolette.

Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2015

verður haldinn í bókasafninu í Brautarholti sunnudaginn 22. mars kl. 14:00.

- ♦ Venjuleg aðalfundarstörf:
- ♦ fundargerð síðasta fundar
- ♦ farið yfir reikninga félagsins
- ♦ skýrsla stjórnar
- ♦ inntaka nýrra félaga
- ♦ kosningar, formaður félagsins gefur ekki kost á sér til endurkjörs.
- ♦ Önnur mál

Allar konur hjartanlega velkomnar

Veitingar í boði fráfarandi framkvæmdanefndar

Stjórnin



Kökubasar í Samkaup-Strax á Flúðum á skírdag, 2. apríl frá kl. 12– 16. mmmm!



9. bekkur Flúðaskóla ætlar að selja dýrindis kökur og annað bakkelsi sem gott er að hafa á páskaborðinu. Þetta er fjáröflun vegna Danmerkurferðar innar í haust. Glæsilegar kökur verða hjá okkur og endilega komið og gerið góð kaup. Gleðilega páska! 9. bekkur.

Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181
www.laugaras.is Félagsmálastjóri: [María Kristjánsdóttir](#).

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási [Sigurjón Árnason](#). 884-1180

Hann sinnir félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og barnavernd.

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn 24. mars næstkomandi í Þjórsárskóla, fundurinn hefst kl.20 með léttu kvöldmáltíð.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gjaldkeri félagsins Halla Guðmundsdóttir
gefur ekki kost á sér áfram.

Nýjar félagskonur ávallt velkomnar.

Stjórnin.



Heilsumorgnar í sundlaugunum í apríl og maí!

Nú hefjum við heilsumorgna enn á ný og opnum í **apríl og maí**. Byrjað verður í **Skeiðalaug þann 1. apríl og haldið áfram alla miðvikudagsmorgna 8., 15., 22. og 29. kl. 07:00- 08:00**

Hressing innfalin ☺

Í **Neslaug verður opið alla miðvikudagsmorgna í maí og byrjað þann 6., og svo 13., 20. og 27. maí kl. 07:00—08:00**

Hressing innifalin. **Nýtum þetta vel því þá verður orðið vel bjart í morgunsárið!**

Sundkveðja. Eypór.



Sumarstörf laus til umsóknar í Neslaug og Skeiðalaug!



Starfsfólk vantar til starfa sumarið 2014 við
sundlaugar sveitarfélagsins.

Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga!

Upplýsingar veitir Eypór í síma 897-1112

Á bak við eldavélina!


Elín Moqvist á Húsatóftum 2 ætlar að gefa okkur flottar uppskriftir sem kalla fram vorið í sálinni. Gefum henni orðið.



Vil byrja á því að þakka Hermanni Þór fyrir áskorunina. Það kom mér á óvart að hann skildi skora á mig þar sem ég held að hann hafi aldrei borðað neitt sem ég hef eldað en ég þarf að bæta úr því og bjóða honum í mat. ☺ Það verður því miður engin uppskrift að sænskum kjötbollum í þetta sinn... Þar sem það er að koma vor, dagarnir byrjaðir að lengjast og sólin fer vonandi að láta sjá sig þá ætla ég að deila með ykkur uppskrift af sólskinsúpunni góðu.

Sólskinsúpa fyrir 4

- 1 laukur
- 4 hvítlauksgeirar
- 4 gulrætur
- 1 sæt kartafla
- 3 tómatar
- ½ blaðlaukur
- 1 gul paprika
- 1 rauð paprika
- 3 msk ólífuolía
- 3 bollar vatn
- 1 tsf taaza masala
- 2-3 tsf grænmetiskraftur
- Safi úr ½ sítrónu



Skerið grænmetið í bita, allt nema hvítlaukinn - hafið hann heilan. Veltið grænmetinu upp úr olíunni og bakið í ofni við 180°C í ca 20 mín.

Setið grænmetið í stóran pott ásamt vatni, sítrónusafa, kryddi og krafti og mauksjóðið. Gott er að nota töfrasprota eða matvinnsluvél til að mauka súpuna og smakka til með salti og pipar. Dásamlegt er að bera fram með nýbökðu brauði.

Læt einnig fylgja með uppskrift af hollu brauði sem er mjög auðvelt að gera og það inniheldur hvorki ger né hveiti.

Brauð

- 1 dl sólblómafræ
- 1 dl hörfræ
- 1 dl graskersfræ
- 1 dl sesamfræ
- 1 dl kókosmjöl
- 3 egg
- 3 dl rifinn ostur

Aðferð

Hita ofninn í 200°C. Blanda öllum fræjunum saman við kókosmjölið. Blanda eggjum og rifnum osti saman. Setja svo eggja- og ostablönduna saman við fræin og kókosmjölið. Hræra þangað til deigið er orðið jafnt.

Leggið smjörpappír á ofnbakka og fletjið deigið út. Baka í 5-10 mín þangað til brauðið er búið að fá ljósbrúnan lit.

Svo það mikilvægasta, eftirrétturinn!
Sænsk kladdkaka með karamellukremi


100 g smjör
2 egg
3 dl sykur
1 1/2 dl hveiti
5 msk kakó
2 tsk vanillussykur
hnífsoddur af salt



Ofn hitaður í 175 gráður. Smjörið brætt. Restin af hráefninu sett í skál og brædda smjörinu bætt út í, hrært þar til að deigið hefur blandast vel saman. Bakað í smurðu lausbotna formi (ca.22 – 24 cm) við 175 gráður í 20 mínútur. Kökunni leyft að kólna í ca 10 mínútur.

Karamellukrem:

2 dl rjómi
1 dl sykur
1 dl síróp
100 g suðusúkkulaði
100 g smjör



Öll hráefnin, fyrir utan smjörið, sett í pott. Hrært í blöndunni og suðan látin koma upp. Blandan látin malla þar til að hún þykknar, tekur ca. 10 mínútur, gott að hræra í svolítið á meðan. Þá er potturinn tekinn af hellunni og smjörinu bætt út í. Hrært þar til allt hefur blandast vel saman. Kremið sett yfir kökuna og borið fram með þeyttum rjóma og/eða ís, og ferskum berjum. Verið ykkur á góðu. ☺

Ég vil skora á tengdamömmu mína, hana Ástrúnu Davíðsson á Húsatóftum 2a að koma með uppskrift í næsta blað þar sem maður verður aldrei fyrir vonbrigðum að koma í mat til hennar. Takk fyrir, Elin Moqvist.

Vantar þig gjöf—eða gjafir?

Alltaf eitthvað nýtt — jafn vetur, vor sem sumar!

Handunnir skartgripir, lyklakippur og vasapelar úr minkaskinni og roði.

Hafið samband í síma 4866047 eða 8986047. Katrín í Ásaskóla.



Fylgist með á
www.upplit.is

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

11. sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 04. mars 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Gunnar Örn Marteinsson og Halla Sigríðar Bjarnadóttir. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til umræðu og umfjöllunar

1. Fulltrúar Þjorsárdalslaugar ehf. Áform um uppbyggingu við Reykholtslaug í Þjorsárdal. Reynir Hjálmtýsson og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir mættu fyrir hönd Þjorsárdalslaugar ehf sem er leigutaki Reykholtslaugar og tilheyrandi lóðar, til fundar undir þessum lið. Reynir og Ragnheiður eru með áform um að byggja upp ferðamannaaðstöðu við Reykholtslaug í Þjorsárdal. Er þá um að ræða veitingaaðstöðu og gistingu. Þau lögðu fram teikningar af húsi sem þau hyggjast byggja á því svæði. Auk þess ætla leigutakar að endurbæta sund – og baðaðstöðu. Samningur við Þjorsárdalslaug ehf rennur út árið 2022. Leigutakar óska eftir að fá aukið land á leigu en það er forsenda fyrir fyrirhuguðum rekstri þeirra. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.
2. Fulltrúar úr stjórn Veðifélags Þjorsár. Viðhorf þeirra til virkjana í neðri hluta Þjorsár. Oddur Bjarnason, Jón Árni Vignisson og Úlfhéðinn Sigurmundsson úr stjórn Veðifélagsins mættu til fundar undir þessum lið. Oddur Bjarnason formaður tók til máls. Hann gat þess að verndun lífríkis Þjorsár og hagsmunagæsla veiðiréttareigenda væri hlutverk veiðifélagsins. Hann sagði það mat stjórnarinnar að þeir hagsmunir hafi verið fyrir borð bornir í þeim umræðum sem verið hafa að undaförnu. Á svæðinu fyrir ofan fossinn Búða er dýrmætt uppeldissvæði fyrir laxastöð að sögn Odds. Stærstur hluti veiðinnar í Þjorsá hefur farið fram í formi netaveiða. Hann sagði enn fremur að aðalrannsókn veiðinnar hafi farið fram eftir að umverfismat var samþykkt. Oddur kvaðst hafa miklar áhyggjur af breytileika vatnsmagns í farvegi árinna. Jón Árni Vignisson kvaðst hafa efasemdir um að umhverfismat svæðisins hafi verið faglega unnið. Jón Árni sagði hafa gengið erfiðlega að fá tilheyrandi gögn frá Landsvirkjun. Oddur benti á að stærsti einstaki villti laxastofninn í Atlantshafinu væri í Þjorsá. Afar áriðandi væri að vernda hann. Jón Árni lagði áherslu á að aðalmarkmið baráttu veiðifélagsins væri að vernda lífríki Þjorsár. Rætt var um gagnsemi seiðafleytna. Veðifélags stjórnarmenn kváðust ekki hafa mikla trú á gagnsemi þeirra.
3. Skólaakstur, útboðsgögn. Sveitarstjóri lagði fram drög að útboði í skólaaksturs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Útboðsgögn hafa verið unnin af sveitarstjóra með aðstoð Guðjóns Sigfússonar verkfræðings. Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins til næsta sveitarstjórnarfundar. Auk þess verði málið lagt fyrir Skólanefnd og unnið með skólastjóra.

4. Sorpmál minnisblað frá Tæknisviði uppsveita. Lagt var fram og kynnt minnisblað frá Berki Brynjarssyni verkfræðingi hjá Tækniþjónustu Uppsveita um sorpmál. Hugmyndir eru um að fara í sameiginlegt útboð um sorpþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Nokkrar umræður urðu um málið og frekari umfjöllunar að vænta meðal sveitarstjóra í Uppsveitum og Flóa á næstu vikum og verður málið væntanlega tekið til nánari umræðu á næsta sveitarstjórnarfundi.
5. Breyting á lóðum úr Búgarðalóðum í Iðnaðarsvæði. Oddviti greindi frá hugmyndum um breytingu á deiliskipulagi neðan Þjóðveggar við Árneshverfi. Lagt var fram uppkast að breytingunni sem unnin er af Oddi Hermannssyni Landslagsarkitekt. Hugmyndirnar ganga út á að breyta um 30 hektara landsvæði úr búgarðabyggð í iðnaðarsvæði. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að vinna að breytingu á skipulagi á lóðunum.
6. Tilnefning fulltrúa í stjórn Þjóðveldisbæjar. Fyrir fundinn var lagt bréf frá Mennta – og menningarmálaráðuneyti: Þar sem óskað er eftir tilnefningu í Hússtjórn Þjóðveldisbæjar. Í bréfi er vísað til 15 gr. laga frá 10 /2002 um jafnan réttar kvenna og karla til setu í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í ljósi þess er þess óskað af hálfu ráðuneytisins að tilnefna bæði karl og konu. Sveitarstjórn tilnefndi Einar Bjarnason árið 2014. Oddviti lagði til að auk Einars Bjarnasonar yrði Harpa Dís Harðardóttir tilnefnd. Gunnar Marteinsson lagði til að Kristjana Gestsdóttir yrði tilnefnd auk Einars Bjarnasonar. Harpa Dís Harðardóttir tilnefnd með þremur atkvæðum.

Fundargerðir

7. Fundargerð 84. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 2, 8 þarfnast umfjöllunar. Mál nr. 1 og 16 til kynningar. Mál nr 2. Reglugerð um hollustuhætti. Ákvæði 24. Gr. um fjarlægð 1502041. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og tekur undir áskorun nefndarinnar á Umhverfis- og auðlindaráðuneytið um að endurskoða ákvæði 24. Greinar um hollustuhætti nr 941/2002
Mál nr 8. Réttarholt: Tjaldsvæði Traðarlands: Aðalskipulagsbreyting 1502006. Óskað var eftir breytingu landnotkunar úr landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota sem tjaldsvæði. Í grenndarkynningu komu fram þrjú athugasemdadbréf við umrædda breytingu landnotkunar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og mælir ekki með að landnotkun svæðisins verði breytt úr landsbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota með það að markmiði að nýta svæðið sem tjaldsvæði.

Gunnar Örn Marteinsson og Halla Sigríður Bjarnadóttir lögðu fram eftirfarandi bókun. Að okkar mati getur tjaldsvæði í líkingu við það sem hér er til umfjöllunar verið jákvætt fyrir svæðið og stuðlað að auknum umsvifum á svæðinu. Hins vegar eru ákveðnir annmarkar á þeirri skipulagstillögu sem hér liggur frammi. Þeir annmarkar koma vel í ljós í athugasemdum eigenda og íbúa tveggja íbúðarhúsa sem næst svæðinu standa. Að okkar mati hefur sá aðili sem óskar eftir að reisa tjaldsvæði í Traðarlandi alla möguleika á að velja tjaldsvæðinu annan stað í sínu landi þar sem tryggt er að íbúar í Árneshverfinu eigi ekki að þurfa að verða fyrir ónæði af rekstrinum.

Við hvetjum eiganda Traðarlandsins og sveitarstjóra til að setjast niður og reyna að finna lausn á málinu sem sæmileg sátt ætti að vera um.

Sveitarstjórn tekur samhljóða undir bókunina.

8. Fundargerð 85. Fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 21 þarfnast umfjöllunar. Mál 22 til kynningar.

Mál nr 21. Búrfellsvirkjun : Stöðvarhús í Samsstaðaklifi : Deiliskipulags 1502079. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og tekur undir með nefndinni um að ekki sé þörf á gerð lýsingar vegna deiliskipulags eins og Skipulagsstofnun fer fram á og samþykkir fyrir sitt leyti að fela Skipulagsfulltrúa að svara Skipulagsstofnun.

9. Fundargerðir Skólanefndar frá 09.02.15. Grunnskóla- og leikskólamál. Fundargerðir 06 . fundar um Grunnskólamál og 07. fundar um leikskólamál lagðar fram og kynntar.

10. Fundargerðir Atvinnumálanefndar nr 05 og 06. frá 09.02.15 og 18.02.15. Í 05. fundargerð nefndarinnar komu fram hugmyndir að kanna hug íbúa til nafnabreytingar á Sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að efla tilskoðana-könnunar meðal íbúa sveitarfélagsins 18 ára og eldri. Sveitarstjóra falið að annast framkvæmd könnunarinnar. Fundargerðir að öðru leyti lagðar fram og kynntar. Umræða varð um fyrirkomulag boðunar varamanna á nefndarfundi og var sveitarstjóra falið að semja viðmiðunarreglur í þeim efnum.

11. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 05.02.15. Fundargerð 04. Fundar Umhverfisnefndar lögð fram. Í þriðja lið fundargerðarinnar óskað eftir svörum við hvert hlutverk Umhverfisnefndar. Sveitarstjórn vísar til skipunarbréfs nefndarinnar. Auk þess er spurt hvort hlutverk hennar samræmist lögum um náttúruvernd. Sveitarstjórn telur svo vera. Í 5 lið skorar nefndin á sveitarstjórn að standa fyrir íbúafundi um virkjana-áform í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn telur ekki tímabært að halda slíkan fund að svo stöddu.

Samþykktir/samningar

12. Samþykktir BS Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt starfslýsingum og erindisbréfum. Seinni umræða. Lögð voru fyrir sveitarstjórn drög að samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, drög að nýju erindisbréfi fyrir NOS, drög að erindisbréfi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings og drög að starfslýsingu forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti samþykktir fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, drög að nýju erindisbréfi fyrir NOS, drög að erindisbréfi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar og drög að starfslýsingu forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu.

13. Samningur um Skógrækt við Bjarnarlón. Lagður var fyrir sveitarstjórn samningur milli Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um skógrækt við Bjarnarlón ofan Búrfells.

Halla Sigríður Bjarnadóttir og Gunnar Örn Marteinnsson lögðu fram eftirfarandi bókun hvað varðar samning um ræktun landgræðsluskóga, ráðstöfun lands við Bjarnarlón – kvaðir um ræktun, friðun og almenna umgengni.

Árið 2012 var gerð skógræktaráætlun þar sem landspildu í nágrenni við Bjarnarlón, sem er í eigu Landsvirkjunar, er ráðstafað undir landgræðsluskóg. Landið er þjóðlenda og samkvæmt 3.mgr. 3.gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðum marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þarf samþykki hluteigandi sveitarstjórnar til nýtingar lands eða landsréttinda innan þjóðlendu, sem í þessu tilfelli var sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Nú liggur fyrir að samþykkja samningin um ræktun landgræðsluskóga á þessu umrædda svæði.

Við gerum athugasemdir við þennan samning með eftirfarandi rökum:

Samkvæmt samningi sem nú er lagður fram, kemur fram að um er að ræða um 130 ha landspildu en samkvæmt meðfylgjandi uppdrátti af svæðinu sem var samþykkt 2012 er landspildan um 125 ha en ekki 130 ha og því munurinn 5 ha.

Við förum fram á að landspildan sem samþykkt var 2012 verði mæld upp á kostnað landgræðsluskóga og Landsvirkjunar af viðurkenndum óháðum aðila og GPS hnitin sett inn í samning svo ekki fari á milli mála um hvaða land er verið að ræða.

Við förum einnig fram á að í samningi komi fram að þeir sem standa að skógræktaráætluninni sjái um smölun á umræddu svæði á lögbundnum smaladegi eða geri langtímasamning við Afréttamálefnd um smölun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framkomna bókun.

- 14.Samningur Uppsveita og Flóa við Landsgræðslu um seyrunotkun.Lagður var fram samningur milli Landsgræðslunnar annars vegar og sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóahrepps hinsvegar um seyrunotkun. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagðan samning.

Umsagnir

15. Fosshótel Hekla. beiðni um umsögn. Íslandshótel lagði fram umsókn um rekstrar leyfi. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti án athugasemda framlagða umsókn Íslandshótels um rekstrarleyfi.
- 16.Umsögn Sambands Ísl Sveitarfélaga um náttúrupassa. Lögð var fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga nr 455, um náttúrupassa , undirrituð af Karli Björnssyni. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir framlagða umsögn Sambandsins um náttúrupassa.
- 17.Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um Frumvarp um Vatnalög. Lögð var fram um sögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um vatnalög nr 511 , undirrituð af Karli Björnssyni. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir framlagða um sögn um Sambandsins um Vatnalög

Styrkbeiðnir

18. Beiðni um styrk nemenda ML til Danmerkurferðar. Lögð var fram styrkbeiðni frá Kór nemenda Menntaskólans á Laugarvatni. Sveitarstjórn samþykkir að veita 50.000 kr í styrk til ferðarinnar.
19. Sólheimar. Beiðni um styrk. Lögð var fram beiðni frá Styrktarsjóði Sólheima í Grímsnesi um styrk. Sveitarstjórn samþykkir 50.000 kr í styrk til Sólheima.
20. Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Beiðni um styrk. Lögð var fram beiðni um styrk frá NKG verkefnalausnum um styrk í Nýsköpunarkeppni grunnskóla. Samþykkt að veita 50.000 kr. til Nýsköpunarkeppninnar.
21. Styrktarsjóður EBFÍ. Ósk um styrkbeiðni. Lagt var fram erindi frá Styrktarsjóði EBFÍ undirritað af framkvæmdastjóra þar sem hvatt er til umsókna um styrk til framfara verkefna. Samþykkt að vísa málinu til Skólanefndar og Menningar- og æskulýðs nefndar.

Mál til kynningar:

- A. Almannaavarnarnefnd. Fréttatilkynning og fróðleikur.
- B. 238. Fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- C. Héraðsskjalasafn hlutverk.
- D. Rannsóknir á högum og líðan barna.
- E. Þingskjal 889 um varnir gegn gróðureldum.
- F. Þingskjal 649 um landsáætlun uppb. innviða fyrir ferðamenn.
- G. Þingskjal 698 um br á lögum um aðb. hollustuhætti á vinnustöðum.
- H. Þingskjal 421 um seinkun klukku.
- I. Þingskjal 624 um br á lögum félagsþjónustu.
- J. Þingskjal 266 um br á lögum um húsaleigubætur.
- K. Fundargerð 162. Fundar Heilbrigðisnefndar
- L. Fundargerð 824 Fundar Sambands svf
- M. Afgreiðslur byggingafulltrúa 10.02.15
- N. Afgreiðslur byggingafulltrúa 26.02.15
- O. Staðgreiðsluuppgjör 2014
- P. Hestamannafélagið Smári ársreikningur 2014

Fundi slitið kl 18:04.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 1. apríl n.k. kl 14:00.



Gleðilega páska

Vortónleikar Karalakórs Hreppamanna

Nú stýttist óðum í okkar árlegu vortónleika. Við verðum óvenju snemma á ferðinni þetta árið enda finnst okkur að við eigum það öll inni hjá veðurguðunum að það vori snemma í ár. Okkur er það mikill heiður að fá til liðs við okkur eina af fremstu sópransöngkonum landsins, Þóru Einarsdóttur.



Haldnir verða þrennir tónleikar:

Selfoskirkju 21. mars kl. 15:00

Félagsheimilinu á Flúðum 21. mars kl. 20:30

Guðríðarkirkju í Reykjavík 25. mars kl. 20:00

Hlökkum til að sjá ykkur,

Karakór Hreppamanna.



Þjórsárstofa - gestastofa



ÞJÓRSÁRSTOFA

Starfmaður óskast í gestamóttöku Þjórsárstofu í sumar.

Tungumálakunnátta og staðgóð þekking á umhverfi og náttúru mikilvæg. Vinnutími skv. samkomulagi

Veitingastofan Þjórsárstofu Árnesi

Við leitum að skeleggri "eldhúsfærri" manneskju í hlutastarf/afleysingar á veitingastofuna. Vinnutími skv. samkomulagi.

Þá vantar okkur einnig dugnaðarfork til aðstoðar í eldhús og veitingasal. Um sumarstörf er að ræða frá 1. júní - 31. ágúst 2015.

Frekari upplýsingar hjá Rósu í síma 664-6555 eða á

netfangið rosa@arnesferdamenn.is

Kæru foreldrar !

Árshátíð Þjórsárskóla verður haldin föstudaginn, 13 mars 2015 kl. 20 í Árnesi. Athugið að nemendur mæta fyrr! Foreldrafélag Þjórsárskóla mun bjóða upp á kaffi og djús. Að venju eru foreldrar beðnir um að koma með eitthvað góðgæti með kaffinu. Aðgangseyrir til styrktar Foreldrafélaginu: 1000 kr. Börn 12 ára og yngri frítt. Engin posi á staðnum! Kær kveðja, Foreldrafélag Þjórsárskóla.

Fróðleiksmolinn.

Úr Íslenskum Þjóðsögum og ævintýrum eftir Jón Árnason

Austur við Þjórsá standa bæir tveir hvor hjá öðrum. Heitir annar þeirra Stórahof, en hinn Minnahof. Nöfn bæjanna benda til þess að þar hafi hof verið í fornöld, en eigi vita menn þó nær það var. Í landsuður frá Minnahofi er foss einn í Þjórsá sem kallaður er Búði. Hann er eigi hár, en ákaflega breiður og mikið er í honum vatnsmegn, því þar fellur meiri hluti Þjórsár fram af þverhníptri klöpp sem liggur á snið niður á við yfir þá kvísl árinna er að norðanverðu fellur við hólma þann er Árnes heitir og sýslan er við kennd. Er það alllíklegt að fyrst hafi kvísl þessi verið mjög lítil eða engi, en farið smám saman vaxandi. Nafnið Árnes bendir og til þess að hólminn hafi einhvern tíma nes verið og landfastur að vestanverðu.

Á vesturbakka árinna móts við efra endann á Árnesi er melbakki hár og hefur hann áður verið grasi vaxinn að ofan. Nú er það ber grjótmelur og uppblásinn nema torfur nokkrar standa þar enn. Melbakki þessi er kallaður Búðaberg; þar hefur verið þingstaður mikill og sjást þar enn rústir [af] tuttugu og þrem búðum. Margar af þeim hafa verið stórar mjög. Búðirnar hafa staðið í aflöngum hring í kringum lág nokkra eða flöt grasi vaxna sem snýr í landnorður og útsuður og er við vesturenda Búðabergs svo önnur búðaröðin hefur staðið í hallanum á berginu og hin að vestanverðu við flötina. Þessi flöt er fögur mjög og góður glímuvöllur. Suður á berginu spottakorn frá búðunum rétt fyrir ofan fossinn sér til rústar kringlóttar og er líklegt þar hafi dómhringurinn verið. Rúst þessi er sextán feta að þvermáli innanveggja; dyr snúa í vestur og eru sex feta víðar. Ekkert sést nú af veggjunum nema steinaröð tvísett og er hún ei mjög úr stað færð. Væri ei fjarri að ætla það hefðu verið undirstöður, en vel geta þó veggirnir verið sokknir ofan í sandinn. Undir berginu niður við fossinn sjálfan þykjast elstu menn séð hafa stein mikinn, flatan ofan með bolla í miðju, og er það líklegast að þar hafi hlautbolli í verið. Nú sést ekki steinn þessi enda er hrúnið mjög úr berginu svo vel getur hann verið hulinn í urð eða þá oltinn fram í hylinn undir fossinum.

Það segja menn að fornmenn hafi blótað fossinn og fært honum sakamenn í fórn, en sönnur á því vita menn ei. Hitt er víst að hér hefur þingstaður verið og eigi lítill. Menn hafa tekið eftir því að stundum dynur mjög í fossinum, en stundum minna. Þegar mikið dynur í honum þykir það vita á útsynning og vætu eða úrkomu. Sagt er að dynur þessi heyrist stundum suður á Hellisskarð og er það þó ærið langur vegur. Þessi vísa er um hann gjörð:

Búði hefur bág hljóð,
bylur oft í þeim hyl;
þekkja margir þann foss,
það er gjá í Þjórsá.

Það lítur svo út sem undir fossinum séu þrjár gjár og þar steypist hann ofan í. Þetta er eigi svo ólíklegt því Þjórsá mun víðast á hrauni renna og því er það að botn hennar breytist mjög lítið. – Nafnið Búði mun vera dregið af búðunum eins og nafnið Búðaberg.



Ljósm. Gísli Sigurðsson



Smárafréttir

MARS 2015



Úrslit frá fyrsta vetrarmóti 14 febrúar 2015

1. Flokkur

Aðalheiður Einarsdóttir/Rökkva frá Reykjum
Þorsteinn G. Þorsteinsson/Förðun frá Hólavatni
Helgi Kjartansson/Topar frá Hvammi 1
Berglind Ágústsdóttir/Ísador frá Efra-Langholti
Erna Óðinssóttir/Þöll frá Hvammi 1
Jón William Bjarkason/Muggur frá Fossi
Hulda Hrönn Stefánsdóttir/Gyðja frá Hrepphólum
Grímur Guðmundsson/Hvinur frá Ásatúni
Guðbjörg Jóhannsdóttir/Teigur frá Ásatúni

2. Flokkur

Sigfús Guðmundsson/Vonarneisti frá V-Geldingaholti
Rosemarie B. Þorleifsdóttir/Hetja frá V-Geldingaholti
Hörður Úlfarsson/Fluga frá Auðsholti
Ása María Ásgeirsdóttir/Tilvera frá Þorkelshóli

Ungmennaflokkur

Hrafnhildur Magnúsdóttir/Eyvör frá Blesastöðum 1a
Sigurbjörg Bára Björnsdóttir/Fagriblakkur frá Vorsabæ II

Unglingaflokkur

Hekla Salóme Magnúsdóttir/Tinna frá Blesastöðum
Viktor Máni Sigurðsson/Sóley frá Syðri-Hofdölum
Helgi Valdimar Sigurðsson/Hugnir frá Skollagróf

Barnaflokkur

Þórey Þula Helgadóttir/Kraki frá Hvamm 1
Guðrún Hulda Hauksdóttir/Sníld frá Hrepphólum
Jón Valgeir Ragnarsson/Pýrnir frá Garði

Unghrossaflokkur

Viktor Máni Sigurðsson/Skrúður frá Kaldbak





MINNUM Á ANNAD VETRARMÓT SEM VERÐUR 14
MARS OG ÞAÐ ÞRIÐJA SEM VERÐUR ÞANN 25 APRÍL.

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT SMÁRA LOGA OG TRAUSTA

verður haldið í reiðhöllinni á Flúðum **1 APRÍL** Takið daginn frá
og ekki gleyma að skrá ykkur og vera með á þessu skemmtilega
móti. **NÁNAR AUGLÝST Á facebook og www.smari.is**

FYRIRHUGAÐ er að halda ístölt í mars/apríl. Ef tækifæri
gefst út frá veðri og aðstæðum ætlum við að skella á
ístölti og gæti það gerst með fárra daga fyrirvara. Fylgist
því vel með á facebook síðu Smára og www.smari.is Ef
þið lumið á ákjósanlegu svelli megið þið endilega hafa
samband við einhvern úr stjórninni.

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SMÁRI fagnaði 70 ára afmæli nú á
dögunum eða 1 mars. Var það stofnað 1945 og er með
fjölmennustu og elstu hestamannafélögum landsins.
Fyrirhugað er að halda upp á þennan merka áfanga síðar
á þessu ári. Nánar auglýst síðar.

20 MARS

17 APRÍL

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

UPPSVEITAEILD TÖLT/SKEIÐ

11 APRÍL UPPSVEITAEILD ÆSKUNNAR

9 MAÍ UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR



1 MAÍ FIRMAKEPPNI

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar!



Nú er reiðnámskeiðið með Gunnu og undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar í fullum gangi og fyrsta mótið í Uppsveitadeild var haldið þann 7.mars. Hér koma úrslitin

Þrígangur - Barnaflokkur

A-úrslit

1	Aron Ernir Ragnarsson	Hera frá Efra-Langholti	Smári 5,67
2	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári 5,17
3	Laufey Ósk Grimsdóttir	Aldis frá Ásatúni	Smári 5,06
4	Þórey Þula Helgadóttir	Kraki frá Hvammi I	Smári 4,83
5	Þorvaldur Logi Einarsson	Brúður frá Syðra-Skörðugili	Smári 4,56

B-úrslit

1	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári 5,33
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Prins frá Fjalli 2	Smári 4,94
3	Sigurlinn María Sigurðardóttir	Hrafnfaxi frá Kílhrauni	Smári 4,44

Fjórgangur - Unglingaflokkur

A-úrslit

1	Sölvi Freyr Freyðisarson	Gæi frá Svalbarðseyri	Logi 6,70
2	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Djásni frá Lambanesi	Logi 6,17
3	Karitas Ármann	Blökk frá Þjóðólfsþaga 1	Logi 5,63
4	Eva María Larsen	Prins frá Fells koti	Logi 5,33
5	Helgi Valdimar Sigurðsson	Hugnir frá Skollagróf	Smári 5,30

B-úrslit

1	Eva María Larsen	Prins frá Fells koti	Logi 5,37
2	Einar Ágúst Ingvarsson	Hringur frá Húsatóftum 2	Smári 5,10
3	Víktor Máni Sigurðsson	Sóley frá Syðri-Hofdölum	Smári 4,27
4	Hanna Winter	Freyðis frá Röðli	Smári 4,54

Innilega til hamingju með frábæran árangur krakkar



Jafnframt viljum við strax minna á næsta mót þann **11.apríl** þegar keppt verður í fjórgangi og tölt barna og fimmgangi og tölt unglinga! Endilega mætið á mótin og klappið fyrir þessum flottum knópum okkar!

Um miðjan apríl munum við svo bjóða upp á "reiðskóla" á mánudögum í reiðhöllinni. Þessi reiðskóli hentar vönum sem óvönum og verður hægt að fá trausta hesta lánaða. Reiðskólinn verður auglýstur betur þegar nær dregur.



Vinsamlegast verið dugleg að fylgjast með tilkynningum frá Æskulýðsnefndinni á Facebooksíðu "Smáarakrakkar"! Gjarnan megið þið senda okkur línu ef þið hafið sérstakar óskir varðandi námskeið, skemmtiferðir, fræðslu eða annað!

Kærar kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára

„Frumkvöðladagur Uppsveitanna“.

Verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00-17:00
Dagurinn er haldinn í samstarfi sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og markmiðið er að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra á svæðinu.

Frá hugmynd til framkvæmdar - hugað verður að því hvernig er að hefja atvinnurekstur eða þróa. Stoðkerfið verður kynnt, styrkjamöguleikar og reynslusögum deilt. Í lok fundarins hafa áhugasamir tækifæri til að viðra hugmyndir sínar við ráðgjafa. Fyrirhugað er að fá á fundinn fulltrúa úr stoðkerfinu s.s. Nýsköpunarmiðstöð, Atvinnuráðgjöf SASS og Frumkvöðlasetri.

Staðsetning fundarins er á Cafe mika í Reykholti.

Nánari upplýsingar verða gefnar út síðar á heimasíðum sveitarfélaganna og í dreifibréfi.

Einnig má hafa sambandi við ferðamálafulltrúa

asborg@ismennt.is

Óskað verður eftir skráningu þátttakenda.

Allir áhugasamir velkomnir.

Ferðamálaráð Uppsveita Árnessýslu.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga ☞ 11- 13 laugardaga.

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju.

Starfsfólk Flúðaleiðar

Ljósleiðarinn!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**

Þjósárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar

Leifsson. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti

Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni

Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



7. mars Þrígangur - barnaflokkur
Fjórgangur - unglingaflokkur

11. apríl Fjórgangur, tölt - barnaflokkur
Fimmgangur, tölt - unglingaflokkur

9. maí Smali - barnaflokkur
Smali, skeið - unglingaflokkur



Styrktaraðilum Uppsveitadeildar æskunnar er þakkaður stuðningurinn



nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



STEINSHOLT

Garðyrkjastöðin Melar



FRÍÐHEIMAR

GIANT D337T



Giant liðléttingar eru einir af söluhæstu liðléttingum í Evrópu. Í þeim eru Kubota vélar en drif og vökvakerfi er framleitt af Rexroth Bosch.

Vél:	Kubota D1105-T 33 HP/24 kW
Lyftugeta:	1450 kg
Aksturshraði:	0-10 / 0-25 km
Breidd:	128 cm

- Hátt og lágt drif
- Ökuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigeta
- Aflmiklir
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Niðurfellanlegt öryggishús
- Handstýrður skriðgír
- Euro glussa hraðtengi
- Vinnuljós að aftan og framan
- Ökuljós
- 90 kg. þynging með dráttartengi

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öfluga tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

**- Sterkur - Öflugur
- Léttur**



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi



Vetraropnun

Neslaug

S: 486-6117

Þriðjudaga

18 — 22

Laugardaga

12 — 18

Opið alla miðvikudagsmorgna, í Neslaug, í maí
kl. 07:00 –08:00. Tökum þá góða sundspretti!

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga

18 —22

Fimmtudaga

18 —22

Opið alla miðvikudagsmorgna, í Skeiðalaug, í apríl

kl. 07:00 - 08:00 **Byrjum 1. apríl...** ekki gabb ☺

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Frítt fyrir 67 ára og eldri.

Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.



Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.



Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun
Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺